

## Fundargerð faghóps fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi

### 8. fundur faghóps fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi, haldinn fimmtud. 12. september 2019 Norðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 9:00.

Mætt: Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, Júlíana Tyrfingsdóttir, Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, Krístrún Hafliðadóttir, Torfi G. Sigurðsson frá Mannvit, Guðrún Yngvadóttir frá ASK arkitektum, Sveinn Ægir Birgisson, Hermann Ólafsson frá Landhönnun, Tómas Ellert Tómasson, Eiríkur Steinn Búason, sem var fundarstjóri, og Atli Marel Vokes, sem ritaði fundargerð. Þorsteinn Hjartarson boðaði forföll.

- 1) Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
- 2) Skipulagsmálin. Nokkrar umsagnir hafa borist. Skipulags- og byggingarnefnd hefur vísað erindinu til bæjarstjórnar til samþykkis með fyrirvara um að tekið verði tillit til þeirra athugasemda sem komu. Bæjarstjórn fundar 18.09.2019. Landeigendur þurfa þá að bregðast við þeim athugasemdum sem komu til að skipulagið verði sent Skipulagsstofnun til samþykktar.
- 3) Aðaluppdrættir eru í umsagnarferli þeirra aðila sem koma að því.
- 4) Útboðsmál – stefnt sé að því að bjóða út jarðvinnu helgina 21-22 sept. Rætt um að notast við verkefnavef við afhendingu útboðsgagna á byggingunni.
- 5) Staða hönnunar
  - a. Farið yfir privíddarteikningar frá arkitektum. Rætt um utanhúsklæðningu.
  - b. Búnaðarlisti er í vinnslu og þarf að rýna hann í samráði við verkkaupa og verkefnastjóra.
  - c. Rætt um staðsetningar á vinnuaðstöðu fyrir starfsmenn inni á deildum. Leikskólastjóra skoða og senda tillögur á arkitekta
  - d. Útboðsteikningar eru í vinnslu.
  - e. Rætt um að búnaðarlisti í eldhús yrði útbúin í samráði við matreiðslumann og leikskólastjóra – sú vinna fer í gang og sá listi sendur á hönnuði og verkefnastjóra til yfirlstrar.
  - f. Gera þarf ráð fyrir þeim fjölda rafbílastæða sem byggingarreglugerð segir til um. Rafhönnuður Mannvits mun skoða það og staðsetja. Einungis verði gert ráð fyrir ídráttarrörum að sinni.
- 6) Farið yfir stöðu lóðarhönnunar.
  - a. Rætt um snjóbræðslu að setja inn á gangstéttar og aðkomu.
  - b. Einnig að skoða hvort hægt sé að setja skynjara sem stýra kerfinu.
- 7) Tímalína uppfærð með það að leiðarljósi að hús sé klárt 05.01.2021
- 8) Næsti fundur áætlaður 27.09.2019 kl 09:00 – Þorsteinn boðar hann.